



RVK-14182 Tilkynning um stjórnsýslukæru nr_ 90_2025_

Búið til	5.6.2025 15:29:50
Höfundur	
Mótttekið dags.	5.6.2025 15:20:25
Tilheyrir	📁USK25060087 - Tilkynning um stjórnsýslukæru nr. 90 / 2025 - Sælukot

Efni

RVK-14182 Tilkynning um stjórnsýslukæru nr_ 90_2025_

Upplýsingar

Vinnsla

Mótttekið dags.	5.6.2025 15:20:25	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Málalykill	00.15.02 Kæurur og dómsmál		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Upplýsingar - Pósthólf Símmaver (upplysingar@reykjavik.is)
Til	skjalastyring@reykjavik.is

Innihald



[uua@uua.is](#) has just sent this issue

Reykjavík / RVK-14182

Tilkynning um stjórnsýslukæru nr. 90/2025.

Description:

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnsýslukæru móttekin 5. júní 2025 vegna m.a. starfsleyfisumsóknar og úttektar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar á Sælukoti leikskóla þar sem kærandi er leikstjóri og hefur forstöðu með.

Frestur til að skila umsögn í málinu er **15 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,

f.h. nefndarinnar

**Ólöf
Harðard
óttir,
skrifstof
umaður**

Úrskurðar

nefnd

umhverfis

-og

auðlinda

mála

Borgartún

í 21, 105

Reykjavík

, Iceland

Sími /

Tel:

(+354)

5758710

[www.uua.](http://www.uua.is)

[is](http://www.uua.is) - [

Fyrirvari/

Disclaime

r

[https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvup-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cupplýsingar%40reykjavik.is%7C3e14b75530fa4b19a2410a43e0670%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C63884730914342741CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIslIAiOiJXaW4zMFOljoiTWFpbCIsIldUljoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=qZXC5tM7E0XfaHV90C71k9tm5cToHUp1puwTUAsQ%3D&reserved=0\]](https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvup-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cupplýsingar%40reykjavik.is%7C3e14b75530fa4b19a2410a43e0670%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7C0%7C0%7C63884730914342741CUnknown%7CTWFPbGZsb3d8eyJFbXB0eU1hcGkiOnRydWUsIlYiOiIwLjAuMDAwMCIslIAiOiJXaW4zMFOljoiTWFpbCIsIldUljoyfQ%3D%3D%7C0%7C%7C%7C&sdata=qZXC5tM7E0XfaHV90C71k9tm5cToHUp1puwTUAsQ%3D&reserved=0)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður o
samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

Samskipti í beiðni:

uua@uua.is - Í dag 14:35

[Document_250605_140152.pdf](#)  (176 kB)

Vinsamlegast svaraðu viðkomandi á eftirfarandi netfang: uua@uua.is

This email was sent by the [Email This Issue](#) Cloud addon

Reglur um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://www.reykjavik.is/trunadur>

MÓTTÆKIÐ

5. JÚNÍ 2025

Úrskurðarnefnd
umhverfis- og auðlindamála

Reykjavík, 5. júní 2025

Til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, *Kennitala*.

Sæl verið þið!

Vald spillir. Sérstaklega spillir það hug og hönd embættismanna sem fara með anga af sjálftu ríkisvaldinu. Þeir venjast því að þurfa ekki að reiða sig á glídi þeirra raka sem þeir rétttæta gjörðir sínar með heldur beita þeir þeim handvalið og til málamynda í skjóli þess hversu erfiðt þolendur eiga með að ná rétti sínum gagnvart þeim. Boðaðar kæruleiðir beina málum inn á hringrás í valdakerfinu þannig að kærandi er í samskiptum sínum við meintan úrskurðaraðila í reynd að tala við málsvara þess sem hann kærir.

Í samskiptum Leikskólans Sælukots við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur koma þessi einkenni á umgengni við opinbert vald skýrt í ljós.

Í tilefni af því að Reykjavíkurborg biðaði til sjálfstæðra leikskóla í borginni að leita leiða til að fjölga hjá sér leikskólaþlássum féllst Leikskólinn Sælukot á að leggja sitt af mörkum til viðleitni borgarinnar að ganga á sífellt lengri biðlista eftir leikskólaþlássi. Leikskólinn fékk samþykki skóla- og frístundasviðs fyrir áformi sínu um að bygja við húsakost leikskólans til að skapa aðstæður fyrir fjölgun leikskólaþlássa um í kringum 30 pláss. Framkvæmdir gengu vel og síðla árs 2024 var komið að því að eftirlitsaðilar gerðu úttekt á verkinu, þar með talið heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, sem leikskólinn bað um í eftirfarandi tölvupósti að gerði úttekt á framkvæmd þeirra teikninga á nýsmiðinni sem það hafði þegar samþykkt, eins og venjan er.

Beiðni um úttekt

Leikskólastjóri Sælukot

Mon, 14 Oct 2024, 14:35

to heilbrigðiseftirlit, [...]

Sæl verið þið!

Leikskólinn Sælukot, Þorragöru 1, Reykjavík, hefur byggt við fyrirbyggjandi húsakost sinn og áformar á þeim grundvelli að sækja um leyfi fyrir viðbótar leikskólaþlássum. Vegna þeirrar umsóknar óskar leikskólinn vinsamlega eftir úttekt ykkar á þessari nýju aðstöðu.

Þið látið okkur kannski vita sem fyrst hvenær þið gætuð litið á þetta og eins ef það eru einhver skjöl eða annað sem leikskólinn þarf að reiða fram til að úttektin geti átt sér stað.

Með kærri þökk og kveðju, fyrir hönd Leikskólans Sælukots,

Gunnlaugur Sigurðsson, leikskólastjóri

Handwritten signature

Heilbrigðisettirlit Reykjavíkur sinni þessari beiðni með víðun fulltrúa sinna þann 5. nóvember 2024. Í leiðinni gerðu þeir almenna úttekt á leikskólanum með tilliti til eftirlitssviðs síns. Framganga þeirra í þeirri úttekt var leikskólanum tilefni til að kæra hana til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Nefndin vísaði þeirri kæru frá með þeim tókum, að hún hefði borið of seint og efni málsins gæfu ekki tilefni til að gera undantekningu frá kærefrestinum þar sem sú lokun leikskólans, sem eftirlitið fyrirskipaði, væri um garð gengin og leikskólinn opin og starfandi á ný.

Þarna sýndi sig umrædd hringrás í valdakerfinu. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála velur að miða frestin við dagsetningu fyrirskipunar heilbrigðisettirlitsins um lokun á meða kærandi miðaði við móttöku á skýrslu heilbrigðisettirlitsins um víðun fulltrúa þess. Augljóslega hlaut leikskólinn að taka mið af þeirri skýrslu um mat sitt á framgöngu eftirlitsins og þar með um ástæður fyrir að kæra hana eða ekki.

Öll framganga heilbrigðisettirlits Reykjavíkur í víðun þess í Leikskólan Sælukot þann 5. nóvember 2024 var forkastanleg og skýrsla fulltrúa þess um víðunina sömuleiðis. Það er nákvæmlega rakið í kæru leikskólans til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og ætti út af fyrir sig að hafa gefið tilefni til athugunar hennar á framferði eftirlitsins, burtseð frá þeirri staðreynd að sá skaði sem fyrirskipun eftirlitsins um lokun leikskólans olli yrði ekki aftur tekinn.

Í skýrslu heilbrigðisettirlits Reykjavíkur kemur fram að eftirlitið framkvæmdi vissulega þá úttekt á nýbyggingunni sem það var kallað til að gera. Sú úttekt miðaði ekki við óbreyttan fjölda leikskólaplássa í leikskólanum heldur umsókn leikskólans um leyfi borgarinnar fyrir fjölgun leikskólaplássa á grundvelli þeirrar auknu aðstöðu sem nýbyggingin felur í sér. Úttekt eftirlitsins er þannig með skýrum og óvíræðum hætti gerð með tilliti til þessa viðbótarfjölda leikskólaplássa sem viðbyggingin auðvitað er helguð.

Heilbrigðisettirlitið gerir í skýrslu sinni athugasemd við tvö meginatriði sem það krefst breytinga á. Annað er, að vanti eit salerni til viðbótar fyrir börnin í aðliggjandi tveim leikskólastofum. Hitt er, að rými, sem ætlað sé þessum börnum til afnota í nýbyggingunni, hafi sýnilega verið tekið undir starfsmannaaðstöðu. Í rauninni var þarna um að ræða skipti á rýmum, en eftirlitið gaf ekki í víðun sinni færi á að vera upplýst um það.

Leikskólinn fullnægði báðum þessum kröfum sem vottfest er, samanber eftirfarandi póst leikskólans til eftirlitsins .

Leikskólastjóri Sælukot < [REDACTED] >

Wed 14 May, 11:36

to Heilbrigðisettirlit

Sæl verið þið!

Heilbrigðisettirlit Reykjavíkur gerði á sínum tíma athugasemdir við frágang á salerni o.fl. í nýbyggingu við Leikskólann Sælukot. Komid hefur verið til mótis við þessar athugasemdir eins og sjá má á tilkynningu arkíteks til byggingarfulltrúa á breyttum

teikningum á húsnæðinu og staðfestingu á samþykkttri úttekt á framkvæmd þeirra breytinga.

[https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-A%C3%B0aluppdf%C3%A6ttir/A%C3%B0aluppdf%C3%A6ttir/2025/04/A%C3%B0aluppdf%C3%A6ttir_Sam%C3%BEykk%20\(13\).pdf.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5000-A%25C3%25B0aluppdf%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3D202%253A106699](https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/archives/5000-A%C3%B0aluppdf%C3%A6ttir/A%C3%B0aluppdf%C3%A6ttir/2025/04/A%C3%B0aluppdf%C3%A6ttir_Sam%C3%BEykk%20(13).pdf.info#c=%2Ffotoweb%2Farchives%2F5000-A%25C3%25B0aluppdf%25C3%25A6ttir%2F%3Fq%3D202%253A106699)

Ef eftirlitið þarf einhvers frekar við til að gefa út þá staðfestingu, sem tilgreind er í þessum framsenda pósti deildarstjóra SFS, þá væri indælt að fá upplýsingar um það við fyrstu hentugleika.

Með kærri kveðju; Gunnlaugur Sigurðsson, leikskólastjóri við Leikskólann Sælu kot.

Þar með mátti ætla að heilbrigðisettirit Reykjavíkur gæti gefið út staðfestingu á því að hafa gert úttekt á nýbyggingunni með tiliti til umsóknar leikskólans um fjölgun leikskólaplássa.

Nú bregður hins vegar svo við, að heilbrigðisettirit Reykjavík hunsar þessa beiðni. Það kvittar fyrir móttöku á beiðninni en síðan ekki meir.

Leikskólinn fær hins vegar póst nokkru síðar frá Sunnu Stefánsdóttur, sérfræðingi í upplýsingamiðlun á skrifstofu þjónustu og samskipta á umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar sem byrjar svo:

Frá: Sunna Stefánsdóttir

Sent: þriðjudagur, 13. maí 2025 13:03

Afrit: Tómas Guðberg Gíslason

Efni: Auglýsing starfsleyfa á sviði hollustuhátta

Góðan dag.

Til upplýsinga, að beiðni Heilbrigðisettirlits:

Vinsamlegast komið áfram til þeirra sem málið varðar.

Í póstinum er lýsing á málsmeðferð heilbrigðisettirlitsins á umsókn um starfsleyfi fyrir rekstur sem heyrir undir eftirlitssvið þess og tilhögun slíkrar umsóknar. Þar gefur að líta nokkuð annað ferli en heilbrigðisettirit Reykjavíkur hafði fylgt í viðbrögðum sínum við beiðni leikskólans um úttekt á nýbyggingunni með tilliti til áður nefndrar umsóknar hans um leyfi fyrir fjölgun leikskólaplássa.

Leikskólinn svarar þessum pósti með því sem fyrir lá, að heilbrigðisettirlitið hafi þegar framkvæmt úttekt sína og kröfum þess um breytingar hafi verið fullnægt, sem vottað sé. Það standi því upp á eftirlitið að gefa út áður nefnda staðfestingu.

Sunna Stefánsdóttir vísar málinu í svari sínu til Tómasar Guðbergs Gíslasonar, framkvæmdastjóra í heilbrigðisettirliti Reykjavíkur, eftir því sem best verður séð, sem aftur vísar því til Guðjóns Inga Eggertssonar, deildarstjóra í heilbrigðisettirliti Reykjavíkur.

18.3
11.5

Leikskólinn taldi að þar væri kominn aðili sem hefði getu til að hlutast til í málinu, jafnvel sjálfur að gefa út umrædda staðfestingu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Það var bjartsyni. Þessi tilvísaði embættismaður reynist einungis talsmaður heilbrigðiseftirlitsins og tinnir fram að hætti slíkra málamyndarrök fyrir því að leikskólinn skuli nú, þrátt fyrir fyrirbyggjandi úttekt heilbrigðiseftirlitsins á nýbyggingunni með tilliti til tittnefndrar umsóknar leikskólans um leyfi fyrir auknum fjölda leikskólaplássra, sæta tímafreki algerlega nýrri málsmeðferð af hálfu heilbrigðiseftirlitsins.

Hann nefnir í upphafi að upplýsingar Sumnu Stefánsdóttur um málsmeðferð heilbrigðiseftirlitsins hafi verið til almennrar upplýsingar en ekki vegna þessa máls. Það vakti vonir um að embættismaðurinn hefði vald og vilja til að úrskurða í málinu, að heilbrigðiseftirlitið Reykjavíkur skyldi gefa út staðfestingu á því að úttekt þess og viðbrögð leikskólans við kröfum þess um breytingar gæfi tilfni til þeirrar niðurstöðu að út frá eftirlitssviði þess væri leikskólanum heimilt að bæta við tveim deildum í leikskólanum með í eigin leikskólastofu fyrir hvora þeirra og sameiginlegri snyrtiaðstöðu sem og sameiginlegri leikskólastofu til afnota í sömu byggingu. Þessi aðstaða öll gæfi tilfni til að leyfa fjölgun leikskólaplássra um allt að 27 pláss.

Við frekari lestur á pósti Guðjóns Inga dvínuðu þær vonir. Í framhaldinu rekur hann meintar röksemdir eftirlitsins fyrir þessum skýndilega eftirá-spuna um málsmeðferð eftirlitsins. Miðað við fyrri framgöngu þess gagnvart leikskólanum til þessa er auðvitað þrennt, fyrir utan sjálfar tafirnar á afgreiðslu málsins, ískýggilegast.

Í fyrsta lagi er það ákvæðið í boðaðri nýrri málsmeðferð eftirlitsins, að umsókn um leyfi fyrir auknum fjölda leikskólaplássra jafngildi umsókn um rekstrarleyfi. Það gefur eftirlitinu sýnilega vel þegið tækifæri til að endurskoða sjálft núgildandi rekstrarleyfi að geðþótta.

Í öðru lagi er það ákvæðið um að eftirlitið auglýsi eftir athugasemdum um rekstrarleyfið. Það er ískýggilegt vegna augljósra tengsla eftirlitsins við tiltekna fjölmiðla, en áður en leikskólinn hafði tilkynnt foreldrum um lokun leikskólans að kröfu eftirlitsins 5. nóvember 2024 höfðu fréttamenn frá tilteknum fjölmiðlum þegar haft samband við leikskólann til að fá staðfestingu á upplýsingum sínum um lokunina. Það er erftt að sjá hvaðan þeir höfðu upplýsingar um þann gjörning nema frá sjálfum fulltrúum heilbrigðiseftirlitsins.

Í þriðja lagi eru það bollaleggingar sem Guðjón Ingi hefur eftir eða fyrir hönd eftirlitsins um að væntanleg ákvörðun þess um rekstrarleyfi taki ekki lengur mið af nýbyggingunni einni heldur meðal annars eldhúsi leikskólans og almennt aðstöðu í leikskólanum til að mæta auknum fjölda barna í vist.


Eftirlitið áskilur sér með þessu rétt til að draga inn í málið óljós matsatriði að eigin geðþótta, en miðað við framgöngu þess til þessa eru það ekki góð tíðindi.

Það var afaróheppilegt, að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála skyldi ekki taka efnislega fyrir kæru leikskólans í tilfni af vitjun heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 5. nóvember 2024. Eftirlitið tulkar það greinilega svo, að það hafi nú frítt spil um

framkomu sína við leikskólann, sem það notfærir sér til að hunsa leikskólann í beiðni hans um nefnda staðfestingu. Effirilitið hefur ekki enn svarað þeirri beiðni.

Það eru því tilmæli Leikskólans Sælukots til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að nefndin bregðist nú þegar við og gefi út umrædda staðfestingu á grundvelli fyrirliggjandi gagna á þeirri forsendu að heilbrigðisefiritt Reykjavíkur hafi í samskiptum sínum við leikskólann ástundað óverjandi stjórnsýsluhætti, með því ásamt öðru að hafa sjálft ógilt eigin heilbrigðisúttekt í tilfni af umsókn leikskólans til borgarinnar um leyfi fyrir auknum fjölda leikskólapiássa í þeim augljósa tilgangi að teifa afgreiðslu málsins til skaða fyrir leikskólann og þau börn og foreldra á löngum biðlistum sem stóla á þjónustu hans og að geta að eigin geðbótta matreitt sér ástæður fyrir að leyfa ekki þá fjölgun og jafnvel að neita leikskólanum um endurnýjað starfsleyfi.

Með virðingu og þökk, Gunnlaugur Sigurðsson, leikskólastjóri Leikskólans Sælukots.





Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Reykjavík, 4. júlí 2025

Tilvísun: 25060439

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 90/2025, kæra Gunnlaugs Sigurðssonar, leikskólastjóra leikskólans Sælukots, Þorragötu 1, 102 Reykjavík, dags. 5. júní 2025.

Í framangreindri kæru er kærð ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að gefa ekki út staðfestingu á því að nýbygging leikskólans Sælukots hafi verið tekin út og fullnægi kröfum eftirlitsins og jafnframt farið fram á að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála gefi út umrædda staðfestingu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Málavextir

Þann 5. nóvember 2024 fóru tveir heilbrigðisfulltrúar, að beiðni leikskólastjóra, í úttekt á nýrri viðbyggingu of reglubundið eftirlit með starfsemi leikskólans Sælukots að Þorragötu 1. Rætt var við rekstrarstjóra leikskólans, og allt húsnæði leikskólans skoðað í hennar fylgd m.t.t. öryggis og hollustuhátta. Í eftirlitinu kom m.a. í ljós óþrifnaður og mikil ummerki um meindýr. Í eftirlitinu var húsnæðið metið heilsuspillandi. Tekin var ákvörðun um að stöðva þyrfti starfsemina til bráðabirgða sbr. 63. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Málavextir er vörðuðu tímabundna lokun leikskólans eru raktir í greinargerð HER vegna kæru nr. 172/2024 sem ÚUA vísað frá með ákvörðun í málinu á þeim grundvelli að kærufrestur hafi verið liðinn.

Í áðurnefndu eftirliti komu fram fjölmörg frávík, önnur en þau sem leiddu til tímabundinnar lokunar leikskólans, m.a. 7 er vörðuðu nýbygginguna, sbr. eftirlitsskýrslu (fylgigagn nr. 2). Þegar tímabundinni lokun leikskólans er aflétt, dags. 8. nóvember 2024, þar sem að fullnægjandi úrbætur vegna meindýra höfðu átt sér stað, hafði ekki verið brugðist við frávikum sem snéru að nýbyggingunni. Í kjölfarið var farið í eftirfylgniferðir 26. og 29. nóvember (fylgigögn 10 og 12) og staðfest að útbótum vegna frávika í nýbyggingu var ekki enn lokið. Engin frekari samskipti áttu sér stað við kæranda fyrr en beiðni barst þann 23. maí sl. um útgáfu staðfestingar á að HER hefði tekið út nýtt húsnæði skólans og staðfesti að það uppfyllti kröfur eftirlitsins. Ljóst var að HER myndi ekki samþykkja að nýbyggingin yrði tekin í notkun fyrr en staðfest væri að úrbótum væri lokið. Staðfesting á úrbótum barst ekki frá rekstraraðila fyrr en nýlega og var það staðfest í eftirliti 23. júní s.l. (fylgigagn 18) að úrbótum væri lokið með fullnægjandi hætti.

Á afgreiðslufundi HER nr. 1843 sem haldinn var þann 3. júlí 2025 var samþykkt breyting á starfsleyfi leikskólans Sælukots í samræmi við heimildir í 2. mgr. 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 (fylgigögn 20 og 21).



Málsástæður og kröfugerð

Kröfugerð kæranda er útlistuð í kæru en verður að telja mörg kæruatriði óljós. Í kæru dags. 5. júní 2025 beinir kærandi þó þeim tilmælum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála að nefndin gefi út staðfestingu á því að HER hafi framkvæmt úttekt á nýbyggingu Leikskólans Sælukots með tilliti til umsóknar leikskólans um fjölgun leikskólaplássa og að byggingin uppfylli kröfur HER. Úrskurðarnefndin óskaði eftir frekari skýringum á kæruefni málsins. Samkvæmt svari kæranda dags. 6. júní 2025 er kært að HER skuli ekki hafa gefið út staðfestingu á niðurstöðum úttektar sinnar dags. 5. nóvember 2025 vegna umsóknar leikskólans til Skóla- og frístundasviðs (SFS) Reykjavíkur um leyfi fyrir auknum fjölda leikskólaplássa á leikskólanum. Um málsástæður vísast að öðru leiti til kæru.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur krefst þess að kröfum kæranda verði vísað frá.

Afstaða Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kæruheimild til nefndarinnar sem mál þetta byggir á er að finna í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir vegna stjórnsýslisákvæðna sem teknar eru á grundvelli þeirra laga. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er það hlutverk nefndarinnar að úrskurða í kærumálum vegna stjórnsýslisákvæðna og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði. Tekur úrskurðarnefndin því lögmatið kærðar ákvörðunar til endurskoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða leggur fyrir stjórnvöld að framkvæma tilteknar athafnir. Samkvæmt framangreindu er farið fram á að úrskurðarnefndin vísi frá kröfu um að nefndin gefi út staðfestingu enda ekki á hendi nefndarinnar að taka nýja ákvörðun í málinu.

Líkt málsatvik bera með sér barst HER aldrei beiðni frá kæranda um að HER sendi SFS staðfestingu á úttekt á húsnæðinu. Til skýringar hefur það ekki verið venja að HER sendi SFS staðfestingu á úttekt í sambærilegum málum heldur hefur það verið á ábyrgð viðkomandi leikskólastjóra að senda SFS upplýsingar um úttekt og /eða uppfært starfsleyfi HER, eftir atvikum. Þar að auki hafði kærandi ekki skilað tilskyldum gögnum til þess að taka mætti mál hans til meðferðar þegar kæra er lögð fram, s.s. staðfestingu á að úrbótum væri lokið. Þar af leiðandi hafði HER ekki hafnað beiðni kæranda um að gefa út staðfestingu á úttekt. Kæranda hafði engu að síður ítrekað verið leiðbeint um þá lögbundnu málsmeðferð sem kæranda bar að fylgja til þess að hann fengi leyfi til taka ný leikskólapláss í notkun. Því var ekki til staðar kæránlega stjórnsýslisákvörðun í málinu í skilningi 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Fer HER fram á að kæru um að HER hafi ekki gefið út staðfestingu á úttekt verði vísað frá.

Þann 6. júní sl. bárust HER leiðbeiningar frá Umhverfis- og orkustofnun um auglýsingu starfsleyfa. Í leiðbeiningunum kom m.a. fram að minniháttar breytingar á starfsleyfi geti verið samþykktar með ákvörðun án endurskoðun leyfisins í heild. Leiði slík breyting ekki til breytinga á starfsleyfisskilyrðum sé ekki þörf á að auglýsa breytinguna. Á grundvelli þessara leiðbeininga var samþykkt á afgreiðslufundi HER þann 3. júlí 2025 breyting á starfsleyfi leikskólans



Sælukots með fjölgun leikskólaplássa, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, er meginreglan sú að þeir einir geti kært stjórnvaldsákvörðanir til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Kærandi hefur nú fengið umbeðna staðfestingu á að húsnæði skólans hafi hlotið úttekt og staðist skoðun HER. Af þeim sökum telur HER að kærandi hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úr málinu skorið og skuli kærumáli þessu því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds liggur einungis sú kæranlega ákvörðun fyrir í málinu að HER hefur samþykkt breytingu á starfsleyfi kæranda þannig að honum er nú heimil sú starfsemi sem sótt var um. Í ljósi þess að um ívilnandi ákvörðun er að ræða, ítrekar HER þá kröfu sína að úrskurðarnefndin vísi frá kröfum kæranda í málinu.

Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að HER verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Guðjón Ingi Eggertsson
Deildarstjóri Umhverfiseftirlits

Magnea Lillý Friðgeirsdóttir
Lögfræðingur



Árið 2025, fimmtudaginn 7. ágúst, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

Mál nr. 90/2025, kæra vegna útgáfu staðfestingar á niðurstöðu úttektar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 5. nóvember 2024 á nýbyggingu leikskóla vegna umsóknar um leyfi fyrir auknum fjölda leikskólapláss.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, 5. júní 2025, kærir Gunnlaugur Sigurðsson, leikskólastjóri leikskólans Sælukots, að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi ekki gefið út staðfestingu á niðurstöðu úttektar sinnar þann 5. nóvember 2024 á nýbyggingu við leikskólann vegna umsóknar um leyfi fyrir auknum fjölda leikskólapláss. Þá gerði kærandi einnig kröfu um að úrskurðað yrði að leikskólinn hefði með nýbyggingunni uppfyllt skilyrði fyrir fjölgun leikskólapláss.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 4. júlí 2025.

Málsatvik og rök: Mál þetta á sér nokkra forstöðu hjá úrskurðarnefndinni en í kjölfar eftirlits heilbrigðisfulltrúa 5. nóvember 2024 tók Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá ákvörðun að stöðva starfsemi leikskólans til bráðabirgða, sbr. 63. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Með bréfi dags. 6. s.m. var af hálfu heilbrigðiseftirlitsins upplýst um hvaða úrbætur þyrfti að gera áður en leikskólinn gæti tekið til starfa að nýju. Að afloknum úrbótum var lokun leikskólans aflétt og heimilað að opna hann á ný þann 11. s.m. Ákvörðun um að loka leikskólanum tímabundið var kærð til úrskurðarnefndarinnar með kæru, dags. 10. desember sama ár, mál nr. 172/2024. Þeirri kæru var vísað frá þar sem hún barst nefndinni að kærufresti liðnum.

Í eftirlitsferð Heilbrigðiseftirlitsins 5. nóvember 2024 voru einnig gerðar athugasemdir við frávík er vörðuðu nýbyggingu við leikskólann, en ekki hafði verið brugðist við þeim þegar tímabundinni lokun leikskólans var aflétt. Farið var í eftirfylgni ferðir 26. og 29. nóvember s.á. og staðfest að úrbótum vegna þessara frávika væri ekki lokið. Kærandi sendi heilbrigðiseftirlitinu erindi 23. maí 2025 þar sem óskað var staðfestingar á að búið væri að taka út nýtt húsnæði skólans og að það uppfyllti kröfur. Í kjölfar samskipta við kæranda var með eftirlitsferð þann 23. júní s.á. staðfest að úrbótum væri lokið með fullnægjandi hætti. Á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlitsins þann 3. júlí s.á. var samþykkt breyting á starfsleyfi leikskólans vegna breytinga á húsnæði sem og á fjölda leikskólabarna í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998.

Af hálfu kæranda er vísað til þess að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafi ekki svarað beiðni hans um staðfestingu á niðurstöðum úttektar frá 5. nóvember 2024 á nýbyggingu við leikskólann vegna umsóknar hans til skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar um leyfi fyrir

auknum fjölda leikskólaplássa. Málinu hafi verið beint á byrjunarreit með almennri kynningu og með því ógilt fyrirliggjandi úttekt.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur vísar til þess að það sé ekki hlutverk úrskurðarnefndarinnar að taka nýja ákvörðun í málinu og því beri að vísa frá kröfu kæranda um að úrskurðarnefndin gefi út staðfestingu á að með nýbyggingunni væri búið að uppfylla kröfur um skilyrði fyrir fjölgun leikskólaplássa. Ekki hafi borist beiðni frá kæranda um að senda staðfestingu á úttekt á húsnæðinu á skóla- og frístundasvið, en það hafi verið á hans ábyrgð að gera það. Kærandi hafi þar að auki ekki skilað tilskyldum gögnum til þess að taka mætti mál hans til meðferðar, þ.e. staðfestingu á að úrbótum væri lokið og hefði heilbrigðiseftirlitið þar af leiðandi ekki hafnað beiðni um að gefa út staðfestingu á úttekt. Kæranda hafi ítrekað verið leiðbeint um þá lögbundnu málsmeðferð sem honum bæri að fylgja til þess að fá leyfi til að taka ný leikskólapláss í notkun, en umbeðin breyting á starfsleyfi leikskólans hafi verið samþykkt á afgangslufundi 3. júlí 2025.

Kærandi hafi nú fengið staðfestingu á að húsnæði skólans hafi hlotið úttekt og staðist skoðun og hafi hann því ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá úr málinu skorið. Því beri að vísa kærumálinu frá úrskurðarnefndinni.

Niðurstaða: Í máli þessu er kært athafnaleysi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, þ.e. að gefa ekki út staðfestingu á niðurstöðu úttektar sem fram fór 5. nóvember 2024 á nýbyggingu við leikskóla vegna umsóknar um leyfi fyrir auknum fjölda leikskólaplássa. Þess er einnig krafist að úrskurðað verði að leikskólinn hefði með nýbyggingunni uppfyllt kröfur um skilyrði fyrir fjölgun um allt að 27 leikskólapláss.

Hlutverk úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvæðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði, sbr. 1. gr. laga nr. 130/2011. Úrskurðarnefndin tekur því lögmatið kærðrar stjórnvaldsákvörðunar til endurskoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í máli eða leggur fyrir stjórnvöld að framkvæma tilteknar athafnir. Verður því ekki tekin afstaða til þeirrar kröfu kæranda að úrskurðað verði um að leikskólinn hafi uppfyllt tilteknar kröfur vegna fjölgunar leikskólaplássa.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er meginreglan sú að þeir einir geti kært stjórnvaldsákvæðanir til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda þeirri ákvörðun sem kæra á. Eins og að framan greinir hefur kærandi fengið afhenta staðfestingu um úttekt heilbrigðiseftirlitsins og þá hefur breyting á starfsleyfi leikskólans verið samþykkt. Af þeim sökum hefur kærandi ekki lengur lögvarða hagsmuni af kærumáli þessu og verður því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Úrskurðarorð:

Kærumáli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Arnór Snæbjörnsson (sign)